

Ed.

421. Frumvarp til laga

[169. mál]

um breyting á bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Samgöngumálaráðherra getur sett gjaldskrá, er ákveður fargjöld með leigubifreiðum til mannflutninga og flutningsgjöld sendibifreiða. Hann getur og ákveðið, að gjaldmælir skuli vera í slíkum bifreiðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frá Trausta, félagi sendibílstjóra í Reykjavík, hafa nefndinni borizt tilmæli um, að hún beiti sér fyrir því, að samgöngumálaráðherra verði með lögum heimilað að ákveða, að gjaldmælar skuli vera í öllum sendibifreiðum, sem eru til leigu fyrir almenning.

Nefndin hefur borið þetta mál undir samgöngumálaráðherra og hann tjáð sig hlynntan því, að slíkt ákvæði verði lögtekið.

Nefndin leggur því til, að bifreiðalögum verði breytt í þessa átt. Breytingin á 32. gr. bifreiðalaganna felur það í sér, að samgöngumálaráðherra getur, ef hún verður að lögum, sett gjaldskrá um flutningsgjöld með sendibifreiðum og ákveðið, að gjaldmælar skuli vera í slíkum bifreiðum. Ráðherrann hefur og áfram sömu heimild og nú er í lögum til að setja gjaldskrá um fargjöld með leigubifreiðum til mannflutninga og kveða á um, hvort gjaldmælar skuli vera í þeim eða ekki. Bréf Trausta, félags sendibílstjóra, er prentað sem fylgiskjal með frv. þessu.

Væntir nefndin þess, að frv. þetta verði samþykkt sem lög á þessu þingi.

Fylgiskjal.

TRAUSTI, félag sendibílstjóra.

Reykjavík, 6. febr. 1956.

Til samgöngumálanefndar efri deildar Alþingis.

Vér leyfum oss hér með að fara þess á leit við samgöngumálanefnd efri deildar Alþingis, að hún flytji frumvarp til laga um breytingu á 32. gr. bifreiðalaga, nr. 23 16. júní 1944, þess efnis: Samgöngumálaráðuneytið ákveði, að gjaldmælar verði í öllum sendibifreiðum, sem leigðar eru almenningi.

Ástæðan fyrir ósk vorri er sú, að mjög erfitt er um verðlagningu á leigu ökutækja án gjaldmælis, enda liggur fyrir samþykkt í félagi voru, að allir aki með gjaldmæla til verðútreiknings, og flestir þá þegar komnir með þá.

Þegar leitað var til samgöngumálaráðuneytisins, tjáði það félagi voru, að það skorti lagaheimild til þess.

Með tilvísun til framanritaðs leyfum vér oss að vænta þess, að samgöngumálanefnd efri deildar Alþingis sjái sér fært að verða við beiðni vorri, þar sem augljóst er, að slíkt er öllum þeim, sem sendibifreiðar nota, til mikils öryggis.

Í fullu trausti á fljótar og góðar undirtektir.

Virðingarfyllst,

f. h. Trausta, félags sendibílstjóra,

Vilhjálmur Pálsson,

Urðarbraut 1, Smálöndum.